



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Dagongmei

打工妹

***Líf og aðstæður ungra farandverkakvanna í
framleiðsluverksmiðjum Kína***

Ritgerð til B.A.-prófs

Björn Óðinn Sigurðsson

September 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Kínversk fræði

Dagongmei

打工妹

*Líf og aðstæður ungra farandverkakvanna í
framleiðsluverksmiðjum Kína*

Ritgerð til B.A.-prófs

Björn Óðinn Sigurðsson

Kt.: 151275-5409

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

September 2011

Ágrip

Í þessari ritgerð er farið yfir félagslega og efnahagslega stöðu farandverkafólks í Kína, með sérstöku tilliti til ungra farandverkakvenna, sem gjarnan eru nefndar Dagongmei á eigin móðurmáli.

Þrátt fyrir að hafa lengi vel talist annars flokks borgarar í Kína, hafa síðustu tveir áratugir fært breytingar til hins betra þó enn þurfi þau að þola óréttlæti. Eitt af því sem mestu skiptir þar er að þau geta ekki öðlast lögheimili í borgunum sem þau búa. Það er þess valdandi að farandverkafólkið fer á mis við þá félagslegu þjónustu sem öðrum íbúum borganna býðst.

Aðstaðan í verksmiðjunum þar sem þau starfa spannar bilið frá skelfilegum til viðunandi, allt eftir því um hvaða verksmiðju er rætt. Sumar eru ólöglegar þrælkunarþúðir faldar á háalofnum eða í skuggalegum sundum, aðrar eru slíkar að umfangi að þær eru eins og litlar borgir og veita jafnvel hundruðum þúsunda manns atvinnu. Flest farandverkafólk vinnur langan vinnudag fyrir lágt kaup. Þau búa á heimavistum við þröngar aðstæður, en þó oftast vart mikið þrengri en heima fyrir.

Kínversk yfirvöld hafa löngum bannað myndun sjálfstæðra verkalýðsfélaga og að sama skapi ekki viljað lögleiða verkfallsrétt. Eins og sakir standa er ekkert sem bendir til að þetta muni breytast í bráð. Eina löglega verkalýðsfélagið í Kína, ACFTU, er ríkisrekið og hefur ekki þótt gæta réttinda verkafólks nægilega vel.

Erlend stórfyrirtæki eiga gífurlegra hagsmuna að gæta í framleiðslukeðjunni í Kína, því eru áhrif þeirra á líf farandverkafólksins mikil, ýmist sem atvinnuveitendur eða í gegnum milliliði. Flest þessara fyrirtækja vilja meina að þau hafi hagsmuni verkafólksins fyrir brjósti.

Sem kaupandi að um það bil 3% af heildarútflutningi Kína hefur Wal-Mart smásöluversinn gífurleg ítök í Kína, því fylgist baráttufólk fyrir mannréttindum sem og verkalýðssamtök vel með gjörðum fyrirtækisins.

Þó svo að margt jákvætt hafi þegar verið gert er enn margt ógert til að bæta enn frekar aðstæður farandverkafólks í Kína. Það er Kínverski Kommúnistaflokkurinn sem fremur öðrum getur ákveðið hvað framtíðin ber í skauti sér.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur..... | 3 |
| Opinbera búsetu- og skráningarkerfið, Hukou 户口 | 5 |
| Uppruni Hukou, þróun þess og tilgangur..... | 5 |
| Áhrif á farandverkafólkið | 7 |
| Farandverkafólk..... | 9 |
| Aðstæður í heimahéruðum og tengslin við þau | 9 |
| Umhverfið í borgunum | 12 |
| Lífið í verksmiðjunni | 16 |
| Yfirvöld, verkalýðsfélög og vinnulöggjöf | 21 |
| Verkalýðs- og vinnulöggjöfin..... | 21 |
| Kínverska verkalýðssambandið, ACFTU | 23 |
| Fyrirtækin | 25 |
| Alþjóðlegu fyrirtækin | 25 |
| Wal-Mart..... | 28 |
| Lokaorð..... | 31 |
| Heimildir..... | 32 |

Inngangur

Margt af því sem við notum í okkar daglega lífi, svo sem fatnaður, raftæki, leikföng og fleira er framleitt í stórum verksmiðjum í Kína. Sumar þeirra eru svo stórar að starfsfólk þar er fleira en allir Íslendingar samanlagt. Flest okkar leiða hugann líklega ekki oft að því hvernig framleiðslunni er háttáð eða hverjar aðstæður starfsfólks eru. Annað slagið birtist þó umfjöllun um það í fjölmiðlum, en oftast eru það sláandi fréttir á borð við sjálfsmorðahrinu hjá undirverktaka Apple eða upprætingu þrælkunarbrúða.

Kína er fjölmennasta ríki heims og að flatarmáli það næststærsta. Kínverska hagkerfið er í dollurum talið það næststærsta í heiminum á eftir Bandaríkjunum, eftir að hafa farið fram úr Japan á öðrum ársfjórðungi 2010.¹ Landbúnaðar- og iðnframleiðsla Kína er sú mesta í heimi og kínverskt vinnuafli hið fjölmennasta, eða nær jafn fjölmennt og vinnuafli Indlands, Evrópusambandsins og Bandaríkjanna samanlagt. Líkt og algengt er í ríkjum sem eru að lyfta sér upp úr fátækt er tekjuójöfnuður í Kína mikill.²

Á rúmlega 30 ára tímabili hefur framleiðsluviðnaður byggst upp með leiftur hraða í strandhéruðum Kína. Mest er uppbyggingin annars vegar í Guangdong fylki í Suður-Kína, þar sem um þriðjungur af heildarútflutningi Kína er framleiddur³ og hins vegar í Shanghai og nærliggjandi svæðum, sem umlykja ósa Yangtze fljótsins.⁴ Til að glöggva sig betur á vextinum má nefna að á milli 1979 og 2009 fjölgaði íbúum Shenzhen, sem nú er ein af helstu framleiðsluborgum Kína, úr þrjátíu þúsund í tæpar níu milljónir samkvæmt opinberum tölum.⁵ Ýmsir óháðir greiningaraðilar segja íbúafjöldann í dag þó mun hærri, eða nálægt 18 milljónum.⁶

Hina hröðu uppbyggingu má að miklu leyti þakka innspýtingu verkafólks sem flyst til þessara svæða frá heimaslóðum sínum í leit að atvinnutækifærum. Farandverkafólkið kemur víða að, flestir koma frá fátækari fylkjum í Mið- eða Norður-Kína á borð við Sichuan, Guizhou og Anhui.⁷ Meðaltekjur fólks í þessum héruðum eru mun lægri en í iðnvæddari strandhéruðunum og oft er litla vinnu að hafa á þessum

¹ Barboza, D. „China Passes Japan as Second-Largest Economy“.

² CIA World Factbook.

³ Appelbaum, R. og Lichtenstein, N. „A New World of Retail Supremacy: Supply Chains and Workers' Chains in the Age of Wal-Mart“, bls. 109.

⁴ Leong A. og Pandita S. „Made in China: Electronic Workers in the World's Fastest Growing Economy“, bls. 60.

⁵ Shenzhen Government Online.

⁶ Harney, A. *The China Price: The True Cost of Chinese Competitive Advantage*, bls. 157.

⁷ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 115.

svæðum, margt ungt fólk flytur því að heiman til að freista þess að fá vinnu í verksmiðjunum.

Samkvæmt Kínversku Hagstofunni⁸ var fjöldi farandverkafólks⁹ sem vann utan síns fylkis, 153,35 milljónir árið 2010. Þar af er áætlað að í Guangdong fylki einu búi meira en 40 milljónir farandverkamanna.¹⁰

Í þessari ritgerð mun ég leitast við að varpa ljósi á líf farandverkafólksins og þá þætti sem eru stærstu áhrifavaldarnir í lífi þess. Sérstaklega mun ég þó einbeita mér að ungum konum, flestum á aldrinum 18-30 ára, sem eru í miklum meirihluta í framleiðsluverksmiðjunum. Jafnframt fer ég í lokin yfir hlutverk alþjóðlegu stórfyrirtækjanna og tek Wal-Mart þá fyrir sem ítarlegt dæmi.

Vegna skorts á megindegum rannsóknum hef ég einbeitt mér meira að eigindlegu hlið viðfangsefnisins, en þar er af nógu að taka af persónulegum frásögnum og dæmum. Því ber ekki að taka ritgerðinni sem endanlegri samantekt á aðstæðum alls farandverkafólks í Kína. Fremur er hún hugsuð til að veita lesandanum persónulegri innsýn í það hvernig margt farandverkafólk hefur það og glöggva sig um leið á hinum fjölbreytilegu og flóknu þáttum sem hafa áhrif á líf þeirra.

⁸ National Bureau of Statistics of China eða 中华人民共和国国家统计局. Kínversk stofnun sem gegnir m.a. því hlutverki að taka saman ýmsar hagtölur í Kína.

⁹ Mismunandi skilgreiningar eru til á hverjir teljist til farandverkafólks. Í þessari ritgerð er alltaf átt við fólk sem dvelur og starfar í öðru fylki en opinber búsetuskráning þess gefur til kynna.

¹⁰ Appelbaum, R. og Lichtenstein, N. „A New World of Retail Supremacy: Supply Chains and Workers‘ Chains in the Age of Wal-Mart“, bls. 118.

Opinbera búsetu- og skráningarkerfið, Hukou 户口

Hukou kerfið er mikill örlagavaldur í lífi allra Kínverja og má segja að það liggi að miklu leyti til grundvallar þjóðfélagsskipunar Kína í dag. Þessi fyrsti hluti skýrir frá því á hvaða hátt Hukou kerfið hefur áhrif á líf farandverkafólksins sem ritgerðin fjallar um, auk þess er stuttlega sagt frá tilkomu kerfisins og breytingar á því raktar.

Uppruni Hukou, þróun þess og tilgangur

Í Kína er í gildi búsetu og skráningarkerfi, í daglegu tali nefnt Hukou. Þetta kerfi á rætur sínar að rekja til fyrsta keisaraveldisins sem var við lýði í Kína og hefur verið til í ýmsum útgáfum meira og minna alla tíð síðan.¹¹

Núverandi fyrirkomulag Hukou kerfisins varð til um miðjan sjötta áratuginn og er að miklu leyti byggt á kerfi sem notast var við í gömlu Sovétríkjunum.¹²

Einn megintilgangur Hukou í tíð Kínverska kommúnistaflokksins hefur verið að stýra flæði fólks milli borga og sveita og þá fyrst og fremst að takmarka möguleika fólks til að flytjast til borganna. Lu Yilong skilgreinir hlutverk Hukousins með mjög skýrum hætti í fyrstu orðum greinar sinnar *Does hukou still matter?* Og vitna ég beint í hann hér:

Hukou búsetu og skráningarkerfið er ekki aðeins félagslegt stjórnkerfi, heldur er það einnig nátengt dreifingu landsgæða og almennra hagsmuna í Kína. Grundvallarþarfir fólks – matur, fatnaður, húsnæði og samgöngur; fæðing þess, veikindi og dauði; skólaganga og atvinna; félagsleg velferð og lífeyrir – tengjast allar Hukouinu á einn eða annan hátt. Kjarni kerfisins er að skipta fólki í tvo flokka eftir því hvort það er skráð í dreifbýli eða þéttbýli. Síðan er það opinber umsýsla viðkomandi svæðis sem fer með yfirumsjón með málum fólks og stýrir stranglega öllum breytingum á Hukou.¹³

¹¹ Chan, K.W. og W. Buckingham. „Is China Abolishing The Hukou System“, bls. 587.

¹² Chan, K.W. „The Chinese *Hukou* System at 50“. Bls. 199. Sjá einnig: Chan, K.W. og W. Buckingham. „Is China Abolishing The Hukou System“, bls. 587.

¹³ Lu, Y. „Does hukou still matter? The household registration system and its impact on social stratification and mobility in China“, bls 56-7.

Flokkun samkvæmt Hukou er tvíþætt, í fyrsta lagi eftir búsetu og í öðru lagi eftir tegund. Búsetuhluti Hukousins, sem er sá hluti sem Lu lýsti hér að ofan, segir til um lögheimili einstaklingsins og þar með um það hvar hann á rétt á að sækja flesta opinbera þjónustu. Þetta hefur einnig áhrif á félagslega stöðu, þar sem gæði opinberrar þjónustu geta verið misjöfn eftir svæðum. Tegundarhlutinn skiptist í „landbúnaðartengt Hukou“ og „Hukou ótengt landbúnaði“. Þessi hluti skilgreiningarinnar á rætur að rekja til atvinnuskiptingar í Kína á sjötta áratugnum, en hefur í dag veika tengingu við það hvar einstaklingurinn raunverulega starfar. Það að vera með Hukou sem skilgreint er sem „ótengt landbúnaði“ hefur jafnan falið í sér ríkari réttindi, sem hefur bein áhrif á félagslega stöðu fólks.¹⁴

Pegar Hukouið var innleitt, var í raun ætlast til þess að landsbyggðarfólk gæti séð um sig sjálft, án allrar aðkomu ríkisins, þar sem það ræktaði og framleiddi sín eigin matvæli og því þurfti ríkið ekki að skammta þeim mat. Fólk á landsbyggðinni hlaut því lítinn sem engan stuðning frá ríkinu.¹⁵ Raunar segir Chan í grein sinni *The Chinese Hukou System at 50* að á árunum 1955 til 1978 hafi skipulag kerfisins verið þannig að þau um það bil 85% landsmanna sem bjuggu á landsbyggðinni hafi þurft að leggja til meira en sinn skerf til að byggja upp iðnað í borgunum og halda uppi hinum 15%. Með því að meina þessu fólki síðan að flytjast búferlum milli svæða, og jafnframt á sama tíma sjá til þess að þau hefðu vart til hnífs og skeiðar, var í raun lagður grunnur að öreigastétt í Kína.¹⁶ Þetta fólk og afkomendur þeirra skipa í dag hlutverk ódýrs vinnuafls í Kína.

Hukou kerfinu var komið á í tengslum við það sem kalla má vinnueiningar.¹⁷ Í raun er þar átt við að komið var upp samstæðum í kringum stórar framleiðslueiningar í borgunum. Þessar einingar sinntu öllum þörfum fólksins undir einum hatti, atvinnu, heilbrigðisþjónustu, skóla fyrir börnin, sáú um eftirlaun o.s.frv. Starfsfólk hlaut svo æviráðningu í vinnu-einingunum. Þar sem þetta fyrirkomulag var eingöngu til staðar í borgunum naut landsbyggðarfólk ekki góðs af því. Með endurskoðun kínverska hagkerfisins í lok áttunda áratugarins fjaraði smátt og smátt undan þessu kerfi.¹⁸

¹⁴ Chan, K.W. „The Chinese *Hukou* System at 50“, bls. 201.

¹⁵ Chan, K.W. og W. Buckingham. „Is China Abolishing The Hukou System“, bls. 588.

¹⁶ Chan, K.W. „The Chinese *Hukou* System at 50“, bls. 200-1.

¹⁷ Kínverska heitið sem jafnan er notað yfir þessar vinnueiningar er Danwei

¹⁸ Zavoretti, R. „Family-based care for China’s ageing population: A social research perspective“, bls.

Kam Wing-Chan gerir þróun Hukousins frá valdatöku kommúnistaflokksins afar góð skil í grein sinni *The Chinese Hukou System at 50* og birti ég hér töflu hans þýdda í heild sinni:

Tafla 1: Mismunur og breytingar á félagslegum og hagrænum þáttum á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

| Tímabil | Mismunur og breytingar á Hukou |
|-------------|--|
| 1949 - 1952 | Starfsgreinar (landbúnaður og iðnaður) og búsetusvæði (dreifbýli og borg). |
| 1953 - 1957 | Auk ofangreinds: Matarskömmun tekin upp; aðeins íbúar borga hafa ríkistryggða skömmun á korni. |
| 1958 - 1965 | Auk ofangreinds: Flutningur úr dreifbýli í borg stranglega bannaður. Borgarbúum séð fyrir aðgengi að atvinnu, húsnæði, menntun og öðrum félagslegum gæðum af hálfu ríkisins. |
| 1966 - 1976 | Breyting: Íbúar dreifbýlis öðlast rétt til að þróa og starfa við atvinnuvegi ótengda landbúnaði, en skulu þeir þó staðsettir á landsbyggðinni. |
| 1977 - 1984 | Breyting: Takmarkaður fjöldi verkafólks af landsbyggðinni sendur til að starfa í borgum. |
| 1985 - 1992 | Breyting: Verkafólki af landsbyggðinni leyft að starfa við ákveðin störf í borgum án þess að vera með borgar-Hukou en þó án réttar til að sækja velferðarþjónustu í borgunum. |
| 1993 - 2000 | Breyting: Matarskömmun afnumin. |
| 2000 - nú | Breyting: Flutningur Hukou til smærri bæja leyfður (2002); skylda til að sækja um leyfi frá ríkinu til að færa hukou afnumin á vissum svæðum, en þó þarf áfram samþykki yfirvalda þess svæðis sem viðkomandi óskar eftir að færa hukou sitt til. Fólk með dreifbýlis-Hukou sem býr í útjaðri ákveðinna borga fær borgar-Hukou, en flestir þurfa í staðinn að gefa eftir landnýtingarrétt sinn. |

Heimild: Kam Wing Chan 2009¹⁹

Áhrif á farandverkafólkið

Það má telja augljóst út frá því sem fram kom í kaflanum hér að ofan að Hukou hveirar manneskju hefur mikið að segja um það hvernig hún getur hagað lífi sínu. Þar sem öll félagsleg þjónusta er bundin því getur hún ekki sótt lækniþjónustu í borginni ef Hukou hennar er skráð úti á landi. Þetta þýðir einnig að börn hennar eiga ekki rétt á leikskólavist eða skólagöngu í borginni. Í raun veldur þetta því að nær ómögulegt er fyrir farandverkafólkið að taka upp varanlega búsetu í borgunum, í það minnsta ef það hyggt stofna fjölskyldu. En einhverjar leiðir eru þó framhjá þessu, til dæmis getur

¹⁹ Chan, K.W. „The Chinese *Hukou* System at 50“, bls. 212.

einstaklingur sem hefur dreifbýlis-landbúnaðar-Hukou gengið í hjónaband með einhverjum sem hefur hið eftirsótta borgar-Hukou.

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan, var fólki þó gert kleift að flytjast frá sveitum til borga árið 1985, en var réttur þess þá gífurlega takmarkaður. Fólki yfir 16 ára aldri, sem hugðist dvelja lengur en þrjá mánuði í viðkomandi borg var þá gert að sækja um tímabundið dvalarleyfi í borginni. Ástandið fór þó víða úr böndunum og mun meiri fjöldi flyktist til borganna en þær réðu við með góðu móti.²⁰ Líklega hefur ein meginástæða þessa mikla straums sem þá lá í borgirnar verið sú sára fátækt sem hrjáði sveitahéruðin. Á þessum tíma var algengt að lögreglan í borgunum smalaði saman landsbyggðarfólki og hnepti í varðhald áður en því var svo vísað burt úr borginni. Margir urðu fyrir barsmíðum og öðru ofbeldi af hálfu lögreglunnar á þeim tíma.²¹ Ngai Pun sem starfaði sjálf hjá verksmiðju í Shenzhen á árunum 1995-96 í tengslum við vettvangsrannsókn sína, hefur eftir einum samstarfsmanni í verksmiðjunni að hann hafi ásamt hópi annarra lent í hreinsunaraðgerðum þar sem þeir máttu þola barsmíðar og að vera safnað upp í rútur og ekið út úr borginni þar sem þeir voru skildir eftir á víðavangi.²²

Í grein sem birtist í *New York Times* árið 2008, er rætt við farandverkamann sem hafði þá dvalið í Shanghai í 10 ár og segir hann ástandið mun betra en áður var. En hann mátti einnig þola að vera færður í varðhald og vísað út úr borginni. En um það hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í dag segir hann:

Lögreglan heimtar ekki lengur að fá að kanna hvort við séum með öll tilskilin leyfi til að dvelja í borginni, og jafnvel þótt maður væri án leyfis myndu þeir ekki handtaka mann, heldur benda manni á að verða sér út um leyfi sem fyrst.²³

Til að renna frekari stoðum undir þessa þróun, voru sérstök fangelsi þar sem verkamenn án dvalarleyfa voru hneptir í varðhald, gerð ólögleg árið 2003.²⁴

Það má leiða að því líkur að með því að viðhalda Hukou kerfinu séu stjórnvöld meðal annars að reyna að koma í veg fyrir að í borgum Kína myndist fátækrahverfi af

²⁰ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 74.

²¹ French, H. W. „Despite Flaws, Rights in China Have Expanded“, *New York Times*, 2. ágúst 2008.

²² Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 74-5.

²³ French, H. W. „Despite Flaws, Rights in China Have Expanded“, *New York Times*, 2. ágúst 2008.

²⁴ Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

sömu stærðargráðu og finna má í stórborgum margra annarra þróunarríkja. Og með hliðsjón af því ófremdarástandi sem virðist hafa skapast um tíma er ljóst að líklega á Hukouið að minnsta kosti einhvern rétt á sér, en það er umhugsunarefni hvort ekki megi slaka meira til en þegar hefur verið gert.

Í dag er svæðis- og borgarstjórnnum í sjálfsvald sett hvaða skilyrði þau setja fyrir að veita fólki fullan búseturétt innan sinna svæða og hefur ríkið því sleppt hendinni af þessum hluta ferlisins. En hingað til er ekkert sem gefur til kynna að þessi breyting hafi haft í för með sér aukna möguleika á að hinn almenni farandverkamaður eigi auðveldara með að öðlast Hukou í borgunum. Enn sem komið er virðist það eingöngu vera efnafólk sem fær þennan rétt.²⁵

Farandverkafólk

Í þessum hluta leitast ég við að varpa ljósi á fólkið sem vinnur í verksmiðjunum, bæði út frá menningar- og efnahagslegum aðstæðum þess, auk aldurs og kynjasamsetningar þessa hóps. Einnig er sagt nánar frá aðstæðum í þeirra nýja umhverfi og hvernig þau aðlagast því með ýmsu móti.

Aðstæður í heimahéruðum og tengslin við þau

Eins og áður segir kemur megnið af farandverkafólkinu sem vinnur í verksmiðjunum frá litlum þorpum og sveitum inni í landi. Meirihlutinn eru konur og flestar þeirra á bilinu 18-30 ára.²⁶

Aðstæður þeirra heima fyrir eru auðvitað mismunandi, en þó eru nokkur atriði sem skjóta í sífellu upp kollinum þegar rýnt er í þær ástæður sem búa að baki því að þessar ungu konur kjósa að rífa sig upp frá fjölskyldu sinni, þær yngstu frá foreldrum og systkinum en margar þeirra eldri jafnvel frá börnum og eiginmanni. Algengasta ástæðan er fátækt. Meðaltekjur á mann eru margfalt lægri í fátækustu héruðunum en í þeim tekjuhæstu og auk þess eru atvinnumöguleikar í innsveitum litlir. Algengt er að fjölskyldur stundi að mestu sjálfsþurftarbúskap en geti hugsanlega selt eitthvað af

²⁵ Chan, K.W. og W. Buckingham. „Is China Abolishing The Hukou System“, bls. 594-5.

²⁶ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 100.

uppskerunni eða átt vöruskipti til að útvega sér nauðsynjar. Pun Ngai hefur mælt fjórfaldan tekjumun milli sveita og borga.²⁷

Leslie T. Chang vill þó meina að hjá þeirri kynslóð farandverkafólks sem nú er að störfum sé um að ræða aðrar hvatir en einkenndu eldri kynslóðina. Fátæktin nú sé ekki eins sár og hún var og að þau séu því hugsanlega fremur knúin áfram af löngun til að leita tækifæranna í borginni en að flýja fátæktina. Jafnframt segir hún að í dag sé ekki lengur nein skömm í því að gerast farandverkamaður, þvert á móti sé skömmin nú fólgin í því að halda sig heima.²⁸

Önnur algeng ástæða er forvitni eða frelsisþrá en sumar kvennanna, líklega oftar þær yngri, þrá að breyta um umhverfi og sjá heiminn áður en þær giftast og stofna eigin fjölskyldu. Þar sem hefð hefur skapast fyrir því að yngra fólk úr sveitunum gerist farandverkafólk í borgunum heyrja þær frá vinum, nágrönnum eða eldri systkinum af ævintýrum þeirra í þessu framandi umhverfi.²⁹

Raunar eru þessi tengsl gífurlega mikilvæg þegar kemur að því að ákveða til hvaða borgar skal haldið í leit að góðu starfi. Það er auðvitað gott að hafa einhvern í sínu nánasta umhverfi sem maður treystir og getur leitað til þegar á hjálp þarf að halda. Því er það gjarnan svo að í verksmiðjunum myndast oft klasar kvenna sem eru innbyrðis tengdar á einhvern hátt, hvort sem þær eru skyldmenn, sveitungar eða jafnvel frá sama fylki eða tilheyra sama þjóðarbroti.³⁰ Sum fyrirtækin ýta undir þetta og ráða gjarnan ættmenn núverandi starfsmanna. Stundum er ekki einu sinni auglýst eftir starfsfólki, heldur eingöngu látið spyrjast út innan veggja fyrirtækisins að til standi að ráða inn nýtt fólk.³¹

Annað atriði sem er mikilvægt hvað konurnar varðar er að fyrir þær er það að fara að heiman til að vinna í verksmiðjunum leið til að losna að minnsta kosti

²⁷ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 67-73. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 284.

²⁸ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 13 og 105. Svo virðist sem Chang noti hér rannsókn eftir Chunguang W. Er ber enska heitið „Characteristics of the new generation of flowing population from rural china“ frá 2001. Mér tókst ekki að verða mér út um þessa rannsókn.

²⁹ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 58.

³⁰ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 56. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 100.

³¹ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 49. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 100. Sjá einnig: Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

tímabundið undan áhrifum fjölskyldunnar og því karlaveldi sem þar ríkir, hvort sem þar er átt við feður eða eiginmenn.³²

Sígild fjölskyldugildi eru við lýði í sveitunum og þar þykir sjálfsagt að foreldrar hafi mikið að segja um alla mögulega hluti í lífi barnanna. Foreldrarnir leggja oft hart að dætrunum að eignast ekki kærasta í borginni og að þær komi heim aftur og giftist manni sem býr í hæfilegri fjarlægð.³³ Þetta getur skapað togstreitu, þar sem börnin eru ekki endilega tilbúin til að gefa hið nýja líf sitt upp á bátinn. Því lengur sem þau eru í borginni, því betur venjast þau því einstaklingsmiðaða umhverfi sem þar er við lýði og fjarlægjast þar með hin hefðbundnu gildi heimasveitarinnar. Eitt atriði sem þó vinnur með unga fólkinu er það að vegna þess að þau senda peninga heim til foreldranna, oft mun meiri pening en foreldrarnir afla sjálfir, geta þau öðlast óformlegan rétt til að hafa sitt að segja í málum fjölskyldunnar og þar með í sínum eigin málum³⁴

Þar sem hjón sem eiga börn hafa bæði yfirgefið heimili sitt í leit að starfi fellur það oft í hlut afans og ömmunnar að annast barnabörn sín.³⁵ Foreldrarnir eiga þess sjaldnast kost að hafa börnin með sér til borgarinnar, með einhverjum undantekningum þó, en betur er farið í það í næsta kafla. Fyrir utan hina augljósu ókosti sem þessu fylgja, bæði fyrir börnin og foreldrana, er það hugsanlega líka ókostur að þegar eldra fólk sé um uppeldið, þá er það uppeldi ekki byggt á þeim gildum sem foreldrarnir sjálfir hafa og sú reynsla og þekking sem foreldrar barnanna eru að tileinka sér í borgunum er heldur ekki að skila sér áfram í uppeldi barnanna.

Hið ólíka gildismat foreldra farandverkafólksins á líklega að miklu leyti rætur sínar í því hve erfiðir tímar voru í Kína fram á níunda áratuginn. Þau hafa mörg ekki yfirgefið sveitina, í það minnsta ekki nýlega, og átta sig því tæplega á þeim gífurlegu breytingum sem átt hafa sér stað í strandhéraðunum og/eða þau hræðast þær. Þetta veldur því að þau eiga á hættu að ýta börnunum óafvitandi frá sér með afskiptum sínum og ráðgjöf sem er ósjaldan í litlum takti við þann raunveruleika sem börnin upplifa í borginni. Þar gilda ekki sömu reglur og þau lærðu í hinu eldra Kína maosmans.

³² Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 68 og 75.

³³ Ma, L. og F. Jacobs. „Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China“, bls. 823-4.

Og Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 109 og 207.

³⁴ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 284 og 371.

³⁵ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 13.

Farandverkafólkið bregst svo við með því að óhlýðnast, rífast eða ljúga hreinlega að foreldrunum.³⁶

Vegna þess hve fjarlægðin er oft mikil hefur farandverkafólkið takmarkaða möguleika til að fara heim í fríum. Það er helst í kringum kínverska nýárið sem nægjanlega langt frí gefst til þess að það taki því að ferðast leið sem getur tekið meira en sólarhring fyrir suma. Á þessum tíma er til síðs að gefa nokkurra daga frí í verksmiðjunum, en þar sem þetta á við um mest allan atvinnurekstur og skólar loka einnig í mánuð eða svo, er umferðin alveg gífurleg. Hundruð milljóna manna eru á ferð og flugi á þessum tíma og er enginn öfundsverður af því að þurfa að upplifa þann trúðning og öngþveiti sem skapast um gjörvallt landið.³⁷

Umhverfið í borgunum

Í Guangdong fylki á suðurströndinni þar sem stórar iðnaðarborgir byggðust upp á svæði sem var að mestu samsett úr dreifbýli og smærri bæjum er meirihluti íbúa borganna oft farandverkafólk. Til dæmis er Dongguan borg, ein af öflugustu iðnaðarborgunum í fylkinu, með 1,7 milljón skráða íbúa en um 7 milljónir farandverkamanna samkvæmt opinberum tölum. En jafnvel sjálfur borgarstjórinn telur fjölda farandverkafólks srórlega vanmetinn.³⁸

Tveimur af helstu heimildum mínum um líf farandverkafólksins í borginni, þeim Pun Ngai og Leslie T. Chang, ber ekki saman um hvaða viðmóti aðkomufólkið mætir hjá heimamönnum. Upplifun Ngai virðist hafa verið sú að talsverðra fordóma og fyrirlitningar gætti meðal heimamanna í garð farandverkafólksins og segir hún meðal annars:

Hvern einasta dag heyrði ég á verksmiðjugólfinu niðrandi tal sem beint var til starfsstúlkanna. Kantónska³⁹ orðatiltækið xiangxiamei (sveitastelpa) var gjarnan notað til að gera lítið úr konum sem komu frá dreifbýli. Frasar á

³⁶ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 120 og 368..

³⁷ Yan, J. og Y. Chen. „Surge of People on move set to hit peak“, *China Daily*, 8. febrúar 2011.

³⁸ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 20.

³⁹ Kantónska er ein af fjölmörgum mállýskum Kína og er mikið notuð í Guangdong héraði, sem er vaggá framleiðsluiðnaðar Kína.

borð við „sveitastelpur, þið kunnið ekkert nema bændastörf“... „Það er aldrei hægt að kenna þessum sveitastelpum neitt! Þær eru heimsk fífl“⁴⁰

Annars staðar segir Ngai frá verslunarferð með stúlkunum úr verksmiðjunni:

Alveg frá því að við stigum upp í rútukálfinn og í hverri einustu tískubúð sem við stoppuðum í fann ég fyrir fordómum gagnvart samverkakonum mínum. Vegna þess að þær töluðu mandarín⁴¹ með þungum dreifbýlishreim, var þeim sagt á afar ókurteislegan máta að drífa sig upp í vagninn. Af því að þær voru ekki klæddar samkvæmt nútíma borgartísku, skeyttu afgreiðsludömur í búðum engu um áhuga samverkakvenna minna á tískuvörunum. Sölukonurnar litu ekki einu sinni við þeim þegar þær voru inntar eftir verðum; viðmót söluvennanna fannst mér gefa í skyn að samverkakonur mínar væru of fátækar til að eiga fyrir vörunum.⁴²

Ngai segir jafnframt að fólk af ólíkum þjóðarbrotum hafi almennt ekki stofnað til vinasambanda í verksmiðjunni. Hún segir að starfsfólk sem átti uppruna sinn í Guangdong hafi gjarnan litið á þau sem komu norðan úr landi sem „ósiðmenntaðar manneskjur og latar og skítugar“, en á móti hafi þau að norðan litið á fólkið frá Guangdong sem „dónalegt, hrokafullt, undirföruft og algerlega ótreystandi“.⁴³ Varðandi tvö síðustu atriðin vil ég taka fram að þegar ég dvaldi sjálfur í Kína heyrði ég líka nokkrum sinnum að fólki frá Guangdong ætti að fara varlega í að treysta, alveg sérstaklega í viðskiptum. En hafa ber í huga að ég dvaldi í Shanghai og nágrenni, en Shanghai er á miðri austurströnd Kína og því hugsanlega aðeins um landlæga fordóma að ræða, nokkurs konar hreppa-ríg, ef svo má að orði komast.

Reynsla Chang af fordómum er allt önnur, hún segir að farandverkafólkið upplifi svo til enga fordóma vegna þess að það rekist aðeins örsjaldan á innfædda og segir hún raunar oft hafa liðið marga mánuði á milli þess að hún sjálf hitti manneskju sem var borin og barnfædd í Dongguan.⁴⁴ Þetta finnst mér koma heim og saman við það sem fram kom áður um íbúafjöldann í Dongguan, þar sem Chang dvaldi við sína rannsókn.

⁴⁰ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 116.

⁴¹ Mandarín er opinbert tungumál Kína en íbúar á vissum svæðum í suður-Kína notast fremur við kantónsku.

⁴² Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 159.

⁴³ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 127.

⁴⁴ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 27 og 31.

Chang segir einnig að allir yfirmenn sem hún sjálf hafi hitt úr verksmiðjunum hafi byrjað sem verkafólk á framleiðslulínunni.⁴⁵ Það kemur þá væntanlega af sjálfu sér að ef yfirmennirnir eru upprunnir utan af landi og hafa unnið sig upp, þá er varla fyrir að fara neins konar fordómum af þeirra hálfu gagnvart því fólki sem þeir hafa yfir að ráða í verksmiðjunum, í það minnsta ekki fordómum sem byggja á uppruna, talanda eða búsetu.

Chang lýsir stuttlega fordómum farandverkafólksins í garð heimafólks Guangdong fylkis:

Farandverkafólkið hafði lítið álit á innfæddum íbúum, í augum þeirra voru þeir bara ómenntaðir bændur sem lifðu á því að leigja verksmiðjunum land og þeir myndu ekki endast í einn dag í krefjandi umhverfinu í verksmiðjunum.⁴⁶

Þar sem Chang hefur talað um það hve lítil bein samskipti séu í raun milli þessara tveggja hópa má gera ráð fyrir að þarna sé einungis um að ræða fordóma sem ganga manna á milli sem einhverskonar þjóðsaga.

Þessi ólíka upplifun Ngai og Chang er líklega til komin af því að áratugur leið á milli rannsókna þeirra, en Ngai dvaldi og vann í verksmiðju í Shenzhen árin 1995-96 en Chang dvaldi í Dongguan árin 2005-6. Mín skoðun er sú að á þessum 10 árum sem liðu þarna á milli hafi, annars vegar, umfang framleiðslunnar á svæðinu orðið slíkt að ekki hafi verið fært annað en að auka hlutfall yfirmanna sem komu úr röðum farandverkafólksins sjálfs. Í öðru lagi hafi fjöldi mandarín-mælandi farandverkamanna verið orðinn slíkur að þeir hafi hreinlega yfirgnæft heimafólkið.

Vinnumiðlunarmarkaðir eru algengir í stórborgunum. Þar koma fyrirtækin sér upp básum þar sem væntanlegir umsækjendur geta spurst fyrir og sótt um störf. Á markaðnum í Dongguan þurfa þeir sem hafa áhuga á að sækja um störf að greiða 10 yuan í aðgangseyri.⁴⁷ Það heldur væntanlega mannmergðinni aðeins í skefjum og þeir sem koma inn eru þá líklega að taka atvinnuleitina alvarlega. Fyrirtækin á markaðnum í Dongguan eru ófeimin við að setja fram ýmsar kröfur til umsækjenda sem ekki fengju

⁴⁵ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 27.

⁴⁶ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 31.

⁴⁷ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 89.

7. september 2011 var gengi kínverska yuansins (RMB) tæplega 18 ISK. Dagvinnulaun verkamanns samkvæmt lágmarkstaxta í Guangzhou hafa verið nálægt 5 yuan á þessum tíma (2005-6)

að viðgangast hér á landi. Ákveðin hæðarmörk, kyn og aldur eru mest notuð til að vinsa úr, en einnig viðgengst að auglýsa eftir umsækjendum frá ákveðnum svæðum, eða jafnvel útiloka umsækjendur frá ákveðnum svæðum.⁴⁸ Kröfur fyrir hvert starf geta verið mjög þröngar. Það þætti til dæmis ekkert tiltökumál að auglýsa eftir aðlaðandi, grannvaxinni, einhleypri konu á aldrinum 20-25 og á milli 160-170 cm að hæð, til að starfa í móttöku fyrirtækis. Vel má hugsa sér að kona sem uppfyllti þessi skilyrði yrði ráðin til slíks starfa hér heima, en varla væri þó auglýst með þessum hætti.

Starfsviðtölin endast sjaldnast lengur en örfáar mínútur og ekki er eytt tíma í að fegra eða tala í kringum hlutina. Öllum virðist sama um meðmæli, reynslu, skólagöngu og prófskírteini. Það eina sem skiptir máli er svarið við spurningunni: „hvað kannt þú að gera?“ Fólk er svo ráðið á staðnum og ætlast er til að það geti hafið störf strax.⁴⁹

Samkvæmt Chang er það þó viðtekin venja hjá umsækjendum að ýkja talsvert eða hreinlega ljúga til um hæfni sína til þess að geta komið sér inn í þau störf sem sótt er eftir.⁵⁰ Sem dæmi um þetta hafði einn helsti viðmælandi hennar sagt upp eftir að hafa starfað í aðeins 24 daga í starfsmannahaldi fyrirtækis, en þegar hún svo fór og sótti um starf hjá nýju fyrirtæki sagðist hún vera með árs langa reynslu.⁵¹

Á Chang er svo að skilja að vinnumiðlunarmarkaðurinn í Dongguan sé þó all óvenjulegur miðað við flestar aðrar borgir í Kína.⁵² Þó má búast við að þeir séu með svipuðu móti í Guangdong fylki öllu, sökum þess að iðnaðarborgirnar þar eru meira og minna samvaxnar.

Löng vinnuvikan í verksmiðjunum gefur ekki mikið ráðrúm til að sinna tómstundagamni eða áhugamálum, en fjölmargir láta það ekki stöðva sig. Þegar vaktinni lýkur, oft eftir 12 tíma vinnu, hellist aragrúi farandverkafólks út um verksmiðjuhliðin og inn í skólastofurnar.⁵³ Litlir einkaskólar, reknir í hagnaðarskyni, af sjálfboðaliðum eða jafnvel af sjálfum verksmiðjunum, eru hvarvetna og það farandverkafólk sem hefur metnað í að klífa metorðastigann sækir þá til að bæta við kunnáttu sína.⁵⁴ Vinsælustu fögin eru enska og tölvunám, en enginn skortur er á möguleikum fyrir þá sem velja

⁴⁸ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 90.

⁴⁹ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 92.

⁵⁰ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 188.

⁵¹ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 89 og 93.

⁵² Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 92.

⁵³ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 172.

⁵⁴ Ma, L. og F. Jacobs. „Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China“, bls. 821-2.

meiri sérhæfingu.⁵⁵ Raunar er enskunám líklega allra vinsælasta námið hvar sem fæti er drepið niður í Kína og útlendingar sem tala ensku sem móðurmál eða eru mjög færir í ensku fá vel borgað fyrir að kenna ensku. Sjálfur kenndi ég nokkra tíma í afleysingum og get staðfest það að launin eru mjög há miðað við almenn laun í Kína, sem að öllum líkindum endurspeglar ásóknina í námið.

Lífið í verksmiðjunni

Ég vil hefja þennan kafla á frásögn af Min, sem var annar tveggja aðalviðmælenda Chang í bók hennar, en hér lýsir hún fyrstu verksmiðjunni sem Min vann hjá:

Min þótti verksmiðjan líta nokkuð vel út þegar hún mætti í viðtal í mars 2003, flísalagðar byggingar, steinsteyptur forgarður og harmonikkuhlið úr málmum sem lagðist saman. Það var ekki fyrr en eftir að hún hafði verið ráðin að hún fékk að koma innfyrr. Verkafólkið svaf í kojum sem var troðið nálægt salernisaðstöðunni, tólf saman í herbergi. Herbergin voru skítug og illa lyktandi. Maturinn í mótuneytinu var líka vondur, máltíð samanstóð af hrísgrjónum, einum kjöt- eða grænmetisrétt og súpu, og súpan var ekkert nema vatn.

Dagurinn á framleiðslulínunni var frá átta að morgni til miðnættis, þrettán tímar við vinnuna og tvö matarhlé, og verkafólkið vann hvern einasta dag, vikum saman. Stundum var engin yfirvinna á laugardögum, sem var eina fríð sem þau fengu. Verkafólkið hafði 400 Yuan í laun, jafngildi 50 dollara, og næstum tvöfalt það með yfirvinnu, en launin voru oft greidd seint. Þúsund manns unnu í verksmiðjunni, mest allt konur, ýmist unglingar nýlega farnir að heiman í fyrsta sinn eða giftar konur yfir þrítugu. Gæðastaðall verksmiðjunnar var augljós þegar maður sá hvað vantaði, ungar konur á þrítugsaldri, úrvalshóp verksmiðjuheimsins. Þegar Min ímyndaði sér sjálfa sig sitjandi við framleiðslulínuna næstu tíu árin fylltist hún óhugnaði. Hún var sextán ára gömul.⁵⁶

⁵⁵ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 172.

⁵⁶ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 5-6.

Þessi lýsing tekur ágætlega saman hvernig getur verið að starfa hjá þeim verksmiðja sem farandverkakonurnar sjálfar skilgreina sem slæmar, en margar kvennanna þurfa að byrja í slíkum verksmiðjum og reyna svo að komast að í þeim betri þegar þær hafa öðlast meiri reynslu eða hafa náð að bæta við sig þekkingu í námi. Þegar litið er á fjölda vinnustunda hjá Min verður þó ljóst að ekki er auðvelt að finna tíma til náms.

Algennt er að verksmiðjur séu reknar á tveimur 12 tíma vöktum, svo vinnudagurinn er langur. Einnig er algengt að verksmiðjur nýti sér vanþekkingu starfsfólks á rétti sínum og láti það vinna yfirvinnu launalaust eða þröngvi þeim til að vinna yfirvinnu.⁵⁷ Það er þó alls ekki svo að þetta sé algilt. Margar verksmiðjur hafa mun styttri vinnutíma og fara í hvívetna eftir lagasetningum um vinnu og hvíldartíma. Dæmi um þetta er hin risastóra skóverksmiðja Yue Yuen [svo] í Dongguan, þar sem 110.000 manns starfa, þar er hámarksvinnutími 11 tímar á dag, 60 tímar á viku og frí á sunnudögum.⁵⁸

Eins og kemur fram í lýsingunni frá Min í upphafi kaflans er aðbúnaði verkafólksins í sumum verksmiðjunum mjög ábótavant, hvort sem um er að ræða vistarverur eða starfsaðstöðu. Í yfirgnæfandi meirihluta tilfella býr verkafólkið á heimavistum þar sem 8-12 manns deila herbergi. Þetta á líka við í verksmiðjum á borð við Yue Yuen sem teljast fara vel með sitt fólk.⁵⁹ Það sem er öllu alvarlegra er þegar verkafólkið líður fyrir skort á þeim öryggisaðbúnaði og sérþjálfun sem telja má nauðsynlegt þegar unnið er með hættuleg efni eða vélbúnað. Í einni verksmiðjunni sem Min vann í gerðist það með viku millibili að tveir starfsmenn misstu fingur við vinnu á sama tæki og mátti rekja þau slys til skorts á viðeigandi þjálfun.⁶⁰ Ngai nefnir sem dæmi frá verksmiðjunni sem hún vann í að þar hafi starfsfólk sem þurfti að vinna með lífræn

⁵⁷ Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World’s Fastest Growing Economy“, bls. 62-3. Sjá einnig: Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 93. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 11 og 48.

⁵⁸ Appelbaum, R. og N. Lichtenstein. „A New World of Retail Supremacy: Supply Chains and Workers’ Chains in the Age of Wal-Mart“, bls. 118. Sjá einnig: Ma, L. og F. Jacobs. „Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China“, bls. 819. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 99.

⁵⁹ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 99 og 103.

Þetta á raunar víðar við, til dæmis á stúdentagörðum og almennt eru kínverjar ekki óvanir því að þurfa að búa þröngt

⁶⁰ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 85.

leysiefni jafnan kvartað undan svima og þrálátum sársaukafullum höfuðverkjum.⁶¹ Nýlegt dæmi sem komst í heimspressuna og svipar til þess sem Ngai nefnir er mál sem kom upp hjá fyrirtækinu Wintek sem er undirverktaki Apple. Starfsfólk Wintek í verksmiðju fyrirtækisins í borginni Suzhou í Jiangsu fylki, tók sig til og skrifaði bréf til Steve Jobs, stjórnarformanns Apple, til að segja honum frá veikindum sem starfsfólk hafði orðið fyrir eftir að hafa meðhöndlað hættulegt efni sem notað var við framleiðslu á vörum fyrir Apple. Starfsfólkinu þótti Wintek ekki hafa gert nóg til að bæta því það tjón sem það hafði orðið fyrir og biðlaði því til Jobs að koma til hjálpar.⁶² Í *Challenging The Chip* segja Leong og Pandita jafnframt að rafeindaiðnaðurinn sé á heimsvísu þekktur fyrir að vera hættulegur heilsu starfsfólks og reglur um öryggi séu jafnan þverbrotnar og starfsfólk sé gjarnan ómeðvitað um þau hættulegu efni sem það meðhöndlar. Þessu til stuðnings nefna þeir starfsfólk rafhlöðuframleiðandans GP, en þar mun um fjórðungur starfsfólks hafa veikst vegna Kadmíum eitrunar.⁶³ Þeir nefna jafnframt fleiri dæmi sem ég mun ekki telja upp hér.⁶⁴ Í skýrslu sem tekin var saman af Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna⁶⁵ árið 2005 um ástandið í Kína segir eftirfarandi:

Fjöldi rannsókna bendir til að farandverkafólk vinni hættuleg og erfið störf sem borgarþátttakar vilja ekki vinna, án þess að njóta við það fullra verkalýðsréttinda. Verkafólkið þarf að þola öfgakennt hitastig í umhverfi, ryk, hávaða, snertingu við eiturefni og slæma loftræstingu. Vegna þessa þurfa margir að kljást við vinnutengda sjúkdóma. Í blöðungi sem dreift var af Kínverska Heilbrigðisráðuneytinu árið 2004 er bent á að Kína er nú á meðal þeirra landa sem þurfa að glíma við hvað alvarlegustu tilfelli vinnutengdra sjúkdóma. Meira en 16 milljón fyrirtæki vinna með eitruð og skaðleg efni í dag og meira en 200 milljón manns eiga á hættu að veikjast af vinnutengdum sjúkdómum.⁶⁶

⁶¹ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 170.

⁶² „Chinese workers urge Apple to act on n-hexane poisoning“, *Guardian.co.uk*, 22. febrúar 2011.

⁶³ Kadmíum er málmur sem er mikið notaður í framleiðslu á rafhlöðum og getur verið mjög hættulegur heilsu við innöndun á ryki eða gufum af málminum. <http://en.wikipedia.org/wiki/Cadmium#Safety>

⁶⁴ Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World’s Fastest Growing Economy“, bls. 66.

⁶⁵ Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna eða UNDP sjá undp.org/about

⁶⁶ „The State of Equity in China: Social Security and Public Expenditure“, bls. 87.

Lög um lágmarkslaun eru oft virt að vettugi eða þá að rekstraraðilar finna leiðir í kringum þau. Til dæmis er kostnaður vegna húsnæðis, matar og rafmagns oft dreginn frá launum starfsfólks. Þessum gjöldum er auðvelt að hagræða. Leong og Pandita nefna sem dæmi rannsókn frá 1996 sem náði til 14 verksmiðja og kom í ljós að 8 þeirra borguðu laun sem voru langt undir lögbundnu lágmarki. Þeir segja jafnframt af verksmiðjueiganda sem viðurkenndi að þegar lágmarkslaunin væru hækkuð færi fyrirtækið eftir því en hækkaði svo bara á móti frádráttinn af starfsfólkinu fyrir mat og húsnæði.⁶⁷ Þó að þessi rannsókn sé ekki ný virðist ekki hafa orðið mikil breyting á þessu. Í grein í *Business Week* er einnig að finna frásögn af Luo Guangfu sem sendi bréf til framkvæmdastjóra verksmiðju er hann vann hjá ásamt 300 samstarfsmönnum, þar sem þeir kröfðust þess að laun þeirra væru hækkuð í samræmi við lágmarkslaun.⁶⁸ Chang heldur því sömuleiðis fram í *Factory Girls* að laun hjá verkafólkinu séu oft undir lögboðnu lágmarki.⁶⁹ Þó Chang vitni þarna ekki í neinar ákveðnar rannsóknir á því er rétt að taka tillit til þess að hún eyddi sjálf löngum tíma í Dongguan og kynntist þá persónulega fjölmörgum ungum konum sem unnu í verksmiðjunum og gat því vel kynnt sér hagi þeirra.

Það er algengt að launum starfsfólks sé haldið eftir fyrst um sinn, gjarnan í einn til tvo mánuði, þetta er gert til að draga úr líkunum á því að verkafólkið stingi af fyrirvaralaust og draga þannig úr starfsmannaveltu, en hún getur verið gífurlega mikil í sumum verksmiðjum. Verkafólkið verður svo að sækja um leyfi til að fá að hætta störfum ef það vill fá greidda þessa mánuði sem það á inni.⁷⁰ Sumir láta sig þó bara hverfa og skeyta engu um peningana sem tapast.

Í flestum verksmiðjum gilda reglur um hegðun starfsfólksins, bæði um störfin sem slík og hegðun á vinnustað en jafnframt á heimavistum í eigu fyrirtækisins. Oft eru reglurnar strangar en misjafnt getur verið hversu harkalega þeim er fylgt eftir. Gjarnan er beitt einhvers konar sektum til að refsa fyrir athæfi sem stríðir gegn reglunum. Alvarlegustu brotin varða þó yfirleitt brottrekstri. Í verksmiðjunni þar sem Pun Ngai starfaði var til dæmis reglum um að tala ekki saman, hlusta á útvarp eða narta í sælgæti

⁶⁷ Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World’s Fastest Growing Economy“, bls. 64.

⁶⁸ Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

⁶⁹ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 11.

⁷⁰ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 8 og 89. Sjá einnig: Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

við vinnuna gjarnan stranglega fylgt eftir framan af vinnudegi, en svo þegar líða tók á daginn, þá sérstaklega á kvöldin ef vinna þurfti fram eftir, var dregið úr aganum og fólkinu leyft að slaka aðeins á. Hart var tekið á að mæta seint til vinnu og þá beitt sektum, enda þá litið svo á að ef einn mætti seint, væri sá hinn sami að tefja alla aðra sem ynnu á sömu framleiðslulínu.⁷¹ Eitt kvöldið brutust út slagsmál á heimavist verkakvennanna og voru allar konurnar sem áttu hlut að þeim reknar morguninn eftir.⁷² Min segir frá því að í verksmiðjunni sem sagt er frá í upphafi kaflans hafi sekt upp á 5 yuan legið við því að tala við vinnuna⁷³

Störfín í verksmiðjunum eru mikið til aðskilin eftir kynjum og á framleiðslulínunni sjálfri eru konur algerlega ráðandi. Þær eru einnig í miklum meirihluta í öllum skrifstofu- og sölustörfum og jafnframt í mannauðstengdum störfum. Karlmenntu eru ráðandi í hvers kyns tækni- og verkfræðilegum störfum og jafnframt eru æðstu yfirmannastöðurnar jafnan skipaðar karlmönnum. Karlmenntu skipa oftast störf öryggisvarða, kokka og bílstjóra.⁷⁴ Þessi störf krefjast ekki sérmenntunar og því eru þeir karlmenn sem þau skipa að öllum líkindum í sömu stétt og konurnar sem vinna á framleiðslulínunum. Chang telur að þessir karlar eigi litla sem enga von um frekari starfsframa þar sem ekki sé nein augljós leið til að vinna sig upp í þessum störfum. Konurnar eigi hins vegar mun auðveldara með að vinna sig upp á framleiðslulínunni og svo jafnvel upp í skrifstofu- eða sölustörf.⁷⁵ Í grein Ma og Jacobs, sem ræddu ítarlega við tólf verkakonur í fjórum framleiðsluverksmiðjum, er jafnframt greinilegt að viðmælendur þeirra meta stöðu sína þannig að þær eigi allnokkra möguleika á starfsframa innan sinna fyrirtækja.⁷⁶ Í frásögn Ngai kemur berlega í ljós að konurnar í hennar verksmiðju gátu unnið sig upp í að vera yfir framleiðslulínu og einnig virðast þær hafa verið áberandi í starfsmannahaldi. Hún tekur þó fram að engum í verksmiðjunni hafi dulist að þar færu karlmenn með völd, en segir þó jafnframt að

⁷¹ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 97-8.

⁷² Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 153.

⁷³ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 6.

⁷⁴ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 148-9. Sjá einnig: Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 56.

⁷⁵ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 56.

⁷⁶ Ma, L. og F. Jacobs. „Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China“, bls. 819-24.

mismunun kynjanna hafi fallið í skuggann af mismunun sem rekja mátti til menntunarstigs og búseturéttar.⁷⁷

Eins og fram kom í síðasta kafla er það mjög óalgengt að foreldrar geti haft börn sín með sér þegar þeir flytjast til borganna í atvinnuleit. Það segir sig kannski að einhverju leyti sjálft að það væri næsta ómögulegt fyrir verksmiðju eins og Yue Yuen verksmiðjuna í Dongguan, sem hýsir sjálf meirihluta sinna starfsmanna, að ætla að gera ráð fyrir börnum alls þessa fólks í ofanálag. Þar að auki eiga börnin lítinn sem engan rétt á opinberri þjónustu annars staðar en á fæðingarstað sínum, sem þýðir að þau geta ekki gengið í skóla eða leitað læknis ef þau dvelja hjá foreldrum sínum í verksmiðjunni, nema foreldrarnir séu tilbúnir að greiða fjárhæðir langt umfram það sem eðlilegt gæti talist fyrir þessa þjónustu. Þó eru einhverjar undantekningar. Hjá Yue Yuen fá þeir sem eru með stöðu yfirmanns á framleiðslulínu eða hærra settir til dæmis að búa saman sem hjón og hafa börn hjá sér í stað þess að búa á hefðbundnu heimavistunum. Verksmiðjan rekur svo eigin leikskóla fyrir yngstu börnin.⁷⁸ Önnur skóverksmiðja, Apache Footwear í Qingyuan borg í Guangdong fylki, hefur byggt íbúðir sem fjölskyldufólki býðst að kaupa á mjög lágu verði.⁷⁹

Yfirvöld, verkalýðsfélög og vinnulöggjöf

Í þessum hluta er farið yfir hlutverk kínverskra yfirvalda með tilliti til verkalýðslaganna sem tóku gildi í upphafi árs 2008, en þegar hefur verið farið yfir Hukou kerfið. Þessi atriði veiga þungt í augum verkafólks. Næst er Kínverska Verkalýðssambandið ACFTU, sem í raun er ríkisstofnun, tekið fyrir.

Verkalýðs- og vinnulöggjöfin

Fyrstu lögini um réttindi verkafólks í Kína tóku gildi 1995. Þar sem Kína hafði allt frá valdatöku kommúnista og fram á níunda áratuginn búið við sósíalískt kerfi, hafði ekki þótt nein sérstök þörf á að færa réttindi verkafólks í lög. En eftir að hagkerfi Kína tók að

⁷⁷ Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*, bls. 49 og 148-9.

⁷⁸ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 99-100.

⁷⁹ Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

markaðsvæðast og sífellt hærra hlutfall fólks fór til starfa hjá einkaaðilum jókst þörfin fyrir að tryggja á einhvern hátt réttindi vinnandi fólks.⁸⁰

Ein af mikilvægari breytingum á löggjöf sem varð á milli þessara tveggja stóru lagasetninga árin 1995 og 2008, var innleiðing lágmarkslauna árið 2002. Samkvæmt lögunum eru lágmarkslaun mishá eftir svæðum. En þó að það hafi vissulega verið jákvætt skref að setja þau lög, þá eru lágmarkslaunin ekki byggð á neinum vísitölum um framfærslukostnað í viðkomandi borgum og svæðum.⁸¹

Þann 1. janúar 2008 tók gildi ný vinnulöggjöf sem átti að styrkja til muna stöðu verkafólks gagnvart vinnuveitendum, fyrst og fremst með því að skylda fyrirtæki til að gera skriflega samninga við verkafólk. Þykja þessi lög vera stærsta skref sem kínversk stjórnvöld hafa tekið í málefnum réttinda verkafólks frá gildistöku fyrstu laganna 1995.⁸²

Með setningu laganna er vinnuveitendum einnig þrengri skorður settar við að leysa starfsfólk sitt frá störfum og þeir skyldaðir til að gera starfslokasamninga í vissum tilvikum.

Kvöldið sem lögin tóku gildi var bætt inn klausu sem segir að opinberir starfsmenn sem gerast sekir um að misnota stöðu sína eða vanrækja skyldur sínar geti átt yfir höfði sér refsingar og jafnvel verið sóttir til saka. Talið er að þetta megi rekja til þess að skömmu áður hafði komist upp um múrsteinaverksmiðjur í Shanxi fylki, þar sem fjöldi fólks, einnig börn, voru neydd til að vinna nauðungarvinnu. Málið var mikið hneyksli og hratt af stað stórra rannsókn sem afhjúpaði alls 3.186 slíkar verksmiðjur. Einhverjir opinberir starfsmenn í héruðunum hlutu refsingu í framhaldinu en þó vakti athygli að engir hærra settir meðlimir kommúnistaflokksins voru þar á meðal.⁸³

Helstu vonbrigðin við nýju lögin eru þau að farandverkafólki er ekki gerð sérstaklega skil. Í ljósi þess hve staða þeirra er oft erfið og illa skilgreind gagnvart kerfinu og jafnframt vegna þess hve fjöldi farandverkafólks í Kína er gífurlegur hefði

⁸⁰ Ngok, K. „The Changes of Chinese Labor Policy and Labor Legislation in the Context of Market Transition“, bls. 49.

⁸¹ Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World’s Fastest Growing Economy“, bls. 63-4.

⁸² Ngok, K. „The Changes of Chinese Labor Policy and Labor Legislation in the Context of Market Transition“, bls. 59.

⁸³ Ngok, K. „The Changes of Chinese Labor Policy and Labor Legislation in the Context of Market Transition“, bls. 59.

Og „Workers Rights and Labour Protest in China“.

verið gott að helga þeim einhvern hluta laganna. Þó er ljóst að líkt og verkafólk almennt mun farandverkafólkið njóta góðs af nýju lögnum.⁸⁴

Mér finnst rétt að fram komi að þegar kínversk yfirvöld fóru af stað með að kynna nýju lögin áður en þau tóku gildi, komu fram hávær mótmæli af hálfu bæði bandarískra og evrópskra samtaka framleiðenda í Kína.⁸⁵

Með þessari lagasetningu er, þrátt fyrir einhverja annmarka, stigið stórt skref fram á við varðandi réttindi launþega, að minnsta kosti virðist það svo utanfrá séð. Með tímanum mun það svo koma í ljós hversu vel gengur að framfylgja þessum nýju lögum og enn fremur hversu mikill vilji er innan stjórnarinnar til að framfylgja þeim í raun. Í framhaldi af því munum við svo sjá hvort vestrænir framleiðendur færi framleiðslu sína til annara landa til að draga úr launa- og framleiðslukostnaði.

Kínverska verkalýðssambandið, ACFTU

Kínverska verkalýðssambandið, eða ACFTU (All-China Federation of Trade Unions) var stofnað 1. maí 1925.⁸⁶ Í júlí 2008 voru félagar orðnir 193 milljónir.⁸⁷ Því má vel gera ráð fyrir að í dag séu þeir orðnir yfir 200 milljónir.

Samkvæmt heimasíðu sambandsins er hlutverk þess umfram allt eftirfarandi:

Samhliða því að vernda almenna hagsmuni fólksins alls, leitast ACFTU eftir að skerpa á málum verkafólks, vernda sérstaka hagsmuni verkafólks, fullnægja félagslegum skyldum þeirra um vernd, uppbyggingu, þátttöku og menntun á alhliða máta, leggja áherslu á verndarhlutverk verkalýðsfélaga og sameinast með og virkja breiðfylkingu verkafólks til að vinna ötullega að því markmiði að nútímavæða ríkið á sósíalískan hátt.⁸⁸

Stofnun sjálfstæðra verkalýðsfélaga er ekki leyfð samkvæmt kínverskum lögum og því getur verkafólk einungis gengið í flokksrekin verkalýðsfélög. Náin tengsl kommúnistaflokksins við atvinnuveitendur gera svo aftur erfitt um vik þegar að því kemur að vinna að réttindum verkafólks. Eigendur fyrirtækja hafa oft góð tengsl inn í

⁸⁴ Ngok, K. „The Changes of Chinese Labor Policy and Labor Legislation in the Context of Market Transition“, bls. 60.

⁸⁵ Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People’s Republic of China“, bls.9.

⁸⁶ „A Brief Introduction of the All-China Federation of Trade Unions (ACFTU)“.

⁸⁷ „Trade unions in China: Membership required“, *The Economist*, 31. júlí 2008.

⁸⁸ „A Brief Introduction of the All-China Federation of Trade Unions (ACFTU)“.

kommúnistaflokkinn og baráttumenn fyrir bættum réttindum verða að stíga varlega niður til að fá ekki áhrifaöfl upp á móti sér.⁸⁹ Í ritinu Peacework segir eftirfarandi:

Hið kínverska samband verkalýðsfélaga, ACFTU, er mótsögn. Það er stærsta verkalýðsfélag heims, hefur því sem næst tvöfaldað fjölda skráðra félaga á síðustu fimm árum og nýtur stuðnings frá kommúnistaflokknum og ríkisstjórninni sem er langt umfram það sem þekkist í öðrum löndum. Þrátt fyrir þetta þjónar sambandið engum tilgangi fyrir meirihluta kínverskra verkamanna. Kínverska verkalýðssambandið getur ekki kallað sig verkalýðssamband á þeim grundvelli að njóta stuðnings kommúnistaflokksins og stjórnvalda, til að geta kallað sig verkalýðssamband þarf það að njóta stuðnings verkalýðsins. ... Markmið kínverska verkalýðssambandsins eru umfram allt pólitísk, að viðhalda félagslegum og pólitískum stöðugleika í samfélaginu. En verkafólk vill einblína á að berjast fyrir eigin efnahagslegum hagsmunum og lagalegum rétti.⁹⁰

Tvö dæmi styðja við fullyrðingarnar hér að ofan: Í öðru tilvikinu mætti fulltrúi verkalýðsfélagsins á vinnustað þar sem stúlkur á verksmiðjugólfinu höfðu lagt niður störf og skipaði þeim að fara aftur að vinna til að styggja ekki fjárfestana. Í hinu tilvikinu var verkfall í gangi á vinnustað og í stað þess að ræða við verkafólkið um ástandið hélt fulltrúi verkalýðsfélagsins rakleiðis til fundar við yfirmenn staðarins.⁹¹

Það má færa rök fyrir því að með því að banna stofnun sjálfstæðra verkalýðsfélaga séu stjórnvöld með óbeinum hætti að koma í veg fyrir launaskrið. En með því að halda launum lágum ná þau að laða til sín fleiri framleiðslufyrirtæki sem flýja hærri launakostnað á Vesturlöndum. Það er því kaldhæðnislegt að þegar norður-amerískir stjórnsmálaleiðtogar gagnrýna flutning starfa til Kína, þá nefna þeir aldrei þetta atriði en kjósa þess í stað að einblína á gengi kínverska gjaldmiðilsins sem sökudólg.⁹²

⁸⁹ Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People’s Republic of China“, bls.8.

⁹⁰ „Workers Rights and Labour Protest in China“.

⁹¹ Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World’s Fastest Growing Economy“, bls. 65.

⁹² Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People’s Republic of China“, bls.9.

Næst æðsti stjórnandi ACFTU í Guangdong fylki hefur viðurkennt í grein í *Washington Post* að lág laun, langur vinnutími og bágar aðstæður séu vandamál í mörgum af þeim verksmiðjum sem framleiða vörur fyrir vestræna aðila, en jafnframt segir hann eftirfarandi; „Þetta er betra en ekkert. Verkalýðsréttindi, vinnuaðstæður og laun eru tengd efnahagsstöðu ríkis. Að sjálfsögðu viljum við bætt kjör verkafólks, en höfum vart efni á því. Við þurfum þessi störf til að tryggja að fólk hafi í sig og á“.⁹³

Þetta er mergurinn málsins. Það eru mörg lönd í Asíu sem vilja laða til sín eitthvað af þeirri framleiðslu sem nú fer fram í Kína, eflaust eru sum þeirra reiðubúin til að setja kröfur um bættar aðstæður verkafólks til hliðar til þess að geta boðið vestrænu kaupendunum betri verð.

Þeir sem berjast fyrir réttindum verkafólks eiga á hættu að vera refsað harðlega fari þeir yfir strikið, nokkuð sem erfitt getur verið að átta sig á hvar liggur nákvæmlega. Margir hafa verið dæmdir til fangavistar fyrir slíka tilburði og einhverjir hafa orðið að gerast landflóttar.⁹⁴

Fyrirtækin

Í þessum síðasta hluta er sagt frá erlendu fyrirtækjunum sem starfa í Kína, hvernig þau sjá hlutina og hvaða stefnu þau hafa. Ástæða þess að aðeins erlendu fyrirtækin eru tekin fyrir fremur en þau innlendu helgast fyrst og fremst af aðgangi að upplýsingum um þau. Að lokum er svo Wal-Mart tekið sérstaklega fyrir, sökum þess hve viðskipti fyrirtækisins við Kína eru umfangsmikil og hve gífurlegt magn upplýsinga er aðgengilegt um viðskipti þess. Kaflanum um Wal-Mart er enn fremur ætlað að lýsa þeim flóknu aðstæðum sem oft er við að eiga, bæði frá hlið stórfyrirtækjanna og farandverkafólksins.

Alþjóðlegu fyrirtækin

Eins og við er að búast má bæði finna jákvæða og neikvæða fleti á veru alþjóðlegu fyrirtækjanna í Kína. Til að byrja með vil ég renna yfir það sem virðist jákvætt í þessu samhengi, að minnsta kosti á yfirborðinu.

⁹³ Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart's Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004.

⁹⁴ Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People's Republic of China“, bls.7.

Jeff Bernstein, eigandi fyrirtækis í Kína og forstöðumaður AmCham⁹⁵ í Kína árið 2005 hefur til að mynda eftirfarandi að segja; „amerísku fyrirtækin hérna koma vel fram við sitt fólk vegna þess að þeim finnst siðferðislega rétt að gera það“. Hann viðurkennir þó jafnframt að það búi meira að baki en eintóm manngæska og segir enn fremur:

AmCham á mikilla hagsmuna að gæta með því að stuðla að bættum aðstæðum í verksmiðjunum, því oft á tíðum eru samkeppnisaðilar verksmiðjur í innlendri eigu, sem gætu verið að fara á svig við lög og gætu látið undir höfuð leggjast að greiða samfélagslega þjónustukostnaðinn. Það er því augljóslega þessum amerísku fyrirtækjum í hag að sjá til þess að reglunum sé framfylgt og að samkeppnisgrundvöllur sé jafn“.⁹⁶

Það er rétt að taka fram að hann er hér að tala um verksmiðjur sem beinlínis eru reknar af amerískum aðilum, en ekki birgja eða undirverktaka.

Annar fyrrum forstöðumaður AmCham í Kína og svæðisstjóri hjá DuPont fyrirtækinu, Charles Browne segir eftirfarandi:

Það væri ekki fallett af mér að tiltaka hvað fer fram í kínversku fyrirtækjunum. En ég held að segja meggi að erlendu fyrirtækin, þau amerísku þar meðtalin, þurfi að standast hærri kröfur og vinni samkvæmt því. Hingað koma margir embættismenn að heiman með þá hugmynd í kollinum að vinnustaðlar amerískra fyrirtækja í Kína séu aðrir en í Bandaríkjunum, Evrópu, Filipseyjum, Brasilíu, Chile, hvar sem er. Það er einfaldlega ekki rétt....Það er bara launaskalinn sem er annar.⁹⁷

Það kann að virðast vafasamt að ætla eingöngu að styðjast við orð talsmanna amerískra samtaka iðnfyrirtækja til að fá góða mynd af ástandinu. En fleiri dæmi benda til að víða sé vel að hlutunum staðið. Gott dæmi er Apache Footwear fyrirtækið, en það framleiðir skó fyrir Adidas. Apache rekur tvær verksmiðjur og í þeirri nýrri hefur það

⁹⁵ AmCham er stytting á American Chamber of Commerce, sem eru stærstu viðskiptahagsmunasamtök í heimi. Sjá <http://www.uschamber.com/about>.

⁹⁶ Ross, A. *Fast Boat to China: High-Tech Outsourcing and the Consequences of Free Trade Lessons from Shanghai*, bls 68-9.

⁹⁷ Ross, A. *Fast Boat to China: High-Tech Outsourcing and the Consequences of Free Trade Lessons from Shanghai*, bls 69.

leitast við að búa sem best að starfsfólkinu. Sem dæmi eru hífýli starfsfólksins mun betri en gengur og gerist og fyrirtækið heldur kvikmyndasýningar og dansleiki um helgar. *Business Week* hefur eftir starfsfólki Apache að umhverfið í nýju verksmiðjunni vera mun betra en í öðrum verksmiðjum.⁹⁸

Annað fyrirtæki sem greinilega heldur vel um sitt starfsfólk er Nokia verksmiðja í Suzhou þar sem starfsmenn viðurkenndu að þrátt fyrir möguleikann á hærri launum annars staðar vildu þeir ekki skipta um vinnu vegna þess hve mannvænlegt umhverfi væri þar. Þar kom líka fram að starfsfólkinu þótti gott að eiga samskipt við finnska yfirmenn sína og auðveldara að laga sig að þeirra stjórnunarstíl en til dæmis bandarískra eða enskra.⁹⁹

Chang komst að eftirfarandi niðurstöðu eftir að hafa kynnst nokkrum af ungu farandverkakonunum í Guangdong: „Amerískir og evrópskir yfirmenn komu best fram við starfsfólkið, næst komu Japanir, Kóreumenn, Hong Kong búar og þá Tævanir. Verksmiðjur í kínverskri eigu voru verstar“.¹⁰⁰

Einn viðmælenda Andrew Ross, í *Fast Boat to China*, hefur svipaða sögu að segja um goggunarröð fyrirtækjanna og fram kom hjá Chang:

Sú tilfinning sem við höfum er að almennt séu kóresku og tævönsku fyrirtækin illa rekin, slæmar aðstæður, lág laun og loforð um bónusa og stöðuhækkanir sem síðan bólar ekkert á.¹⁰¹

Business Week hefur eftir sérfræðingum í verkalýðsmálefnum að fjölpjódlegu fyrirtækin séu oftast tekin fyrir af eftirlitsaðilum og því séu þau orðin vanari að framfylgja kínverskum verkalýðslögum en mörg innlendu fyrirtækjanna. Í greininni segir þó jafnframt að til að bæta sína stöðu í samkeppninni um hæft starfsfólk séu sum innlendu fyrirtækin farin að huga mjög að verkalýðsstefnu sinni.¹⁰²

⁹⁸ Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

⁹⁹ Ross, A. *Fast Boat to China: High-Tech Outsourcing and the Consequences of Free Trade Lessons from Shanghai*, bls 182.

¹⁰⁰ Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*, bls. 27.

¹⁰¹ Ross, A. *Fast Boat to China: High-Tech Outsourcing and the Consequences of Free Trade Lessons from Shanghai*, bls 71.

¹⁰² Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005.

Wal-Mart

Wal-Mart var stofnað árið 1962 af Sam Walton. Tíu árum síðar hlaut það skráningu í kauphöllinni í New York. Fyrirtækið er smásöluvyrirtæki sem rekur verslanir um allan heim, meðal annars í Kína. Í dag er Wal-Mart eitt af stærstu fyrirtækjum heims og það langstærsta í smásölugeiranum. Nú starfa um það bil 2,1 milljónir manna hjá fyrirtækinu.¹⁰³

Árið 2003 keypti Wal-Mart vörur frá Kína að verðmæti 15 milljarða dollara, en það er meira en heildarútflutningur frá Kína til Bretlands eða Þýskalands sama ár. Um 80% af birgjum Wal-Mart eru kínverskir.¹⁰⁴ Á milli 2003 og 2011 hefur velta fyrirtækisins aukist um 70% og samkvæmt því má áætla að í dag sé upphæðin nálægt 25 milljörðum dala. Til að setja þetta í frekara samhengi þá má gera ráð fyrir að nálægt 3% af heildarútflutningi Kína endi í hillum Wal-Mart verslana.¹⁰⁵

Sökum stærðar fyrirtækisins á heimsvísu og umfangsmikilla viðskipta þess í Kína er eðlilegt að ýmsir aðilar fylgist vel með því hvernig Wal-Mart hegðar sínum viðskiptum og að fyrirtækið verði fyrir gagnrýni þegar ekki þykir rétt staðið að málum. Algengast er að slík gagnrýni snúi að aðstæðum verkafólks sem framleiðir varninginn fyrir Wal-Mart. Wal-Mart á þó ekki sjálft framleiðsluverksmiðjurnar, heldur eru þær undirverktakar en það gefur augaleið að fyrirtækið er í lykilaðstöðu til að krefjast umbóta af undirverktökum sínum þar sem mál eru í ólestri og gerir það í raun. Wal-Mart hefur í þjónustu sinni fjölda fólks sem fer reglulega í eftirlitsferðir í verksmiðjur undirverktakanna.¹⁰⁶ Jafnframt er þess krafist að birgjar og framleiðendur undirriti „hegðunaryfirlýsingu Wal-Mart“ þar sem kveðið er á um að ákveðin skilyrði skuli uppfyllt varðandi vinnuaðstæður- og umhverfi, reglubundið eftirlit, umhverfismál o.fl.¹⁰⁷ Á grundvelli þessa eftirlits fá hundruðir framleiðenda áminningar á ári hverju og sumir missa viðskiptin fyrir fullt og allt vegna endurtekinna eða grófra brota.¹⁰⁸

¹⁰³ Walmart Corporate.

¹⁰⁴ Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart's Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004.

¹⁰⁵ Appelbaum, R. og N. Lichtenstein. „A New World of Retail Supremacy: Supply Chains and Workers' Chains in the Age of Wal-Mart“, bls. 109.

¹⁰⁶ Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart's Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004.

¹⁰⁷ Kenny, K. E. „Code or Contract: Whether Wal-Mart's Code of Conduct Creates a Contractual Obligation Between Wal-Mart and the Employees of its Foreign Suppliers“, bls. 453.

¹⁰⁸ Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart's Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004.

Í bók sinni *The China Price* segir Alexandra Harney athygliverða sögu tengda eftirlitsferð yfirmanns frá Wal-Mart í eina af verksmiðjum undirverktaka fyrirtækisins:

Tíu mínútna akstur frá veitingahúsinu stóð önnur verksmiðja, á vegum sama eiganda. Þessi verksmiðja framleiddi sama varning fyrir Wal-Mart og sú sem eftirlitsmaðurinn hafði skoðað, en við aðrar aðstæður og með algerri leynd. Verksmiðjan er falin í aflokuðu verksmiðjuhverfi og hvergi á skrá hjá yfirvöldum. Verkamennirnir 500 vinna saman á einni hæð, án öryggisbúnaðar eða trygginga og langt umfram löglegan hámarks vinnutíma. Verkamennirnir fá greitt daglega fremur en mánaðarlega. Enginn frá Wal-Mart hefur nokkurn tímann séð þessa verksmiðju, þó svo að fyrirtækið kaupi mikið af framleiðslu hennar, samvæmt eigandanum. Opinberlega er þessi verksmiðja ekki einu sinni til.¹⁰⁹

Verksmiðjur eins og þessi eru kallaðar skuggaverksmiðjur og eru þær starfræktar meðal annars til að ná að fylla upp í framleiðslukvóta og á sama tíma reyna að kreista einhvern hagnað út úr framleiðslunni, sem að sögn eiganda væri vonlaust ef algerlega væri farið að öllum lögum og reglum. Samkvæmt mati eftirlitsaðila sem hefur rannsakað verksmiðjur í Kína í meira en áratug eru 99% verksmiðja með slíka skuggaverksmiðju.¹¹⁰

Reglulega koma fram ásakanir um að víða sé pottur brotinn í stefnu Wal-Mart gagnvart undirverktökum og birgjum. Skýrasta dæmið er líklega þegar fjölþjóðlegur hópur starfsfólks undirverktaka fyrirtækisins lagði fram kæru á hendur Wal-Mart fyrir rétti í Los Angeles árið 2005. Í kærinni var því haldið fram að fyrirtækið bæri beinlínis ábyrgð á því óréttlæti sem starfsfólkið mátti þola af hálfu vinnuveitenda, sem fól meðal annars í sér launasvik, samningsrof og vanrækslu á skyldum gagnvart starfsfólki.¹¹¹ Í kærinni er jafnframt fullyrt að einungis 8% eftirlitsferða í verksmiðjur árið 2004 hafi verið skyndiheimsóknir, að starfsfólki hafi verið uppálagt hvað skyldi segja eftirlitsmönnum og að eftirlitsmenn væru beittir þrýstingi til að gefa jákvæða

¹⁰⁹ Harney, A. *The China Price: The True Cost of Chinese Competitive Advantage*, bls. 35.

¹¹⁰ Harney, A. *The China Price: The True Cost of Chinese Competitive Advantage*, bls. 46.

¹¹¹ Kenny, K. E. „Code or Contract: Whether Wal-Mart’s Code of Conduct Creates a Contractual Obligation Between Wal-Mart and the Employees of its Foreign Suppliers“, bls. 453-4.

einkunn.¹¹² Málið féll loks Wal-Mart í vil í áfrýjunarrétti árið 2009.¹¹³ Dómurinn er gífurlega fordæmisgefandi því að með úrskurðinum er sýnt að þótt amerískt fyrirtæki setji sér opinberlega staðla um hegðun gagnvart starfsfólki, sem birgjar þess skuli jafnframt skuldbundnir til að fylgja, þá er fyrirtækið ekki þar með ábyrgt gagnvart starfsfólki birgja og undirverktaka sem ekki standa við sína samninga og yfirlýsingar þar að lútandi.

Það er mikilvægt að átta sig á því að þótt dómurinn hafi fallið Wal-Mart í vil þá er málið ekki þar með úr sögunni. Málarekstur af þessu tagi hlýtur oft mikið umtal og getur verið áberandi í fréttamiðlum. Þannig gera neytendur sér grein fyrir að margt má betur fara og í framhaldinu myndast þrýstingur á fyrirtækið að taka til í sínum málum til að stýggja ekki viðskiptavinina. Slíkur málarekstur getur því haft gífurlega jákvæð áhrif þótt dómsmálið sem slíkt falli á móti sækjendunum.

Li Qiang, forstöðumaður China Labor Watch samtakanna og fyrrum starfsmaður í verksmiðju hjá einum af birgjum Wal-Mart, segir að eftirlitskerfi fyrirtækisins virki ekki sem skyldi. „Verksmiðjunum er tilkynnt fyrirfram um eftirlitsheimsóknir og þær undirbúa sig með því að hreinsa til, falska tímaskýrslur og þjálfa starfsfólkið í að segja eftirlitsmönnum réttu hlutina“.¹¹⁴ Hann fullyrðir jafnframt að þegar álagið er hvað mest sé starfsfólkið neytt til að vinna meira en 80 stundir á viku.

Það er stefna Wal-Mart að leyfa ekki myndun verkalýðsfélaga á heimaslóðum sínum í Bandaríkjunum og reyna að koma í veg fyrir slíkt í þeim löndum sem fyrirtækið starfar.¹¹⁵ Það þótti því tíðindum sæta þegar Wal-Mart lét loks undan þrýstingi frá ACFTU og kínverskum stjórnvöldum og heimilaði kínversku starfsfólki sínu að stofna verkalýðsfélög undir merkjum ACFTU en alls var þá um að ræða 48.500 manns.¹¹⁶ Þetta gefur hugsanlega fyrirheit um að stjórnvöld í Kína muni í framtíðinni ganga harðar fram í þágu verkafólks.

¹¹² Doe II II III IV VI III VII VIII IX XI IV 8530 CA 90622 v. Wal-Mart Stores Inc, bls 5.

¹¹³ Doe II II III IV VI III VII VIII IX XI IV 8530 CA 90622 v. Wal-Mart Stores Inc, bls 13.

¹¹⁴ Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart's Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004.

¹¹⁵ Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People's Republic of China“, bls.9.

¹¹⁶ Mitchell, T. „Wal-Mart signs 8% pay deals with unionised Chinese workers“, *Financial Times*, 25. júlí 2008.

Lokaorð

Það má vera ljóst af öllu því sem farið hefur verið í gegnum á undanförunum síðum að ef aðstæður farandverkafólks í Kína eiga að batna, verður það hvorki fljótlegt í framkvæmd né auðsótt. Þarna togast á gífurlega sterkir hagsmunir og að vissu leyti má segja að verkafólkið njóti í senn góðs af neyslumeningu okkar vesturlandabúa og séu jafnframt fórnarlömb hennar. Í hvora áttina fólk hallast fer hugsanlega eftir því hvar það situr á pólitíska skalanum, þeir sem hallast til hægri kynnu að líta á þetta sem jákvæða þróun og þeir sem eru til vinstri sem neikvæða þróun. Ég vona þó að þeir sem hafa lesið af athygli sjái að málið getur aldrei orðið svo einfalt.

Það er greinilegt að þegar hefur orðið mikil þróun í átt til betri aðstöðu fyrir farandverkafólkið og víst hafa laun hækkað og réttindi þeirra sem borgara eru ekki jafn fótum troðin og var fyrr á árum. Samt sem áður ríkir gjá á milli þeirra sem hafa löggildan búseturétt í borgunum og þeirra sem skortir þann rétt.

Ef mark er takandi á því hve ólík fræðileg umfjöllun um farandverkafólk í Kína virðist vera í dag miðað við fyrir 15 árum, virðist mér sem farandverkafólkið sjálft hafi lært af fyrri kynslóðum og sé í raun mjög meðvitað um stöðu sína og hvernig sé best að bæta hana enn frekar. Ef þessi þróun heldur áfram munum við vonandi fljótlega fara að sjá fjölgun í flokki vel þjálfaðs starfsfólks sem býður uppá mikil verðmæti fyrir vinnuveitendur. Þannig mun framleiðsluþnaður í Kína ná nýjum hæðum í frumkvöðlastarfi og tæknilegri getu sem vonandi vegur þá upp á móti þeim aukna launakostnaði sem slíkri þróun fylgir.

Til að ná að stíga þau skref sem eru nauðsynleg til að þróa framleiðslugetu sína er einmitt mikilvægt að vinnuveitendur geri sér grein fyrir vaxandi verðmæti starfsfólks og reyni að skapa umhverfi þar sem það getur vaxið með fyrirtækinu. Það er ljóst að mörg fyrirtæki eru á réttri braut með þetta og um leið og skriðþungi myndast fyrir slíkri þróun neyðast önnur fyrirtæki til að fylgja eftir ef þau vilja halda góðu fólki.

Það mikilvægasta er þó að kínversk stjórnvöld skapi það umhverfi sem gerir slíka þróun mögulega. Ákveðin skref hafa verið stigin í þessa átt með nýjum lagasetningum um rétt verkafólks, en sárlega skortir á að formfesta rétt þeirra enn frekar og veita þeim rétt til að stofna sjálfstæð verkalýðsfélög og jafnframt verkfallsrétt. Mig rennir þó í grun að þessa verði langt að bíða.

Heimildir

Bækur

- Chang, L.T. *Factory Girls: Voices From the Heart of Modern China*. Pan Macmillan, London, 2010.
- Harney, A. *The China Price: The True Cost of Chinese Competitive Advantage*. The Penguin Press, New York, 2008.
- Lee, C. K. *Against the Law: Labor Protests in China's Rustbelt and Sunbelt*. University of California Press, London, 2007.
- Leong A. og S. Pandita „Made in China: Electronic Workers in the World's Fastest Growing Economy“ í *Challenging the Chip: Labor Rights and Environmental Justice in the Global Electronics Industry*. Smith, T., D. A. Sonnenfeld og D. N. Pellow, Temple University Press, Philadelphia, 2006.
- Ngai, P. *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*. Duke University Press, Durham, 2005.
- Ross, A. *Fast Boat to China: High-Tech Outsourcing and the Consequences of Free Trade Lessons from Shanghai*. Vintage Books, New York, 2007.

Fræðigreinar

- Appelbaum, R. og N. Lichtenstein. „A New World of Retail Supremacy: Supply Chains and Workers' Chains in the Age of Wal-Mart“. *International Labor and Working Class History*, nr. 70, haust 2006, bls. 106-125.
- Chan, K.W. „The Chinese Hukou System at 50“. *Eurasian Geography and Economics*, árg. 50, 2, 2009, bls. 197-221.
- Chan, K.W. og W. Buckingham. „Is China Abolishing The Hukou System“. *The China Quarterly*, nr. 195, sept. 2008, bls. 582-606.
- Kenny, K. E. „Code or Contract: Whether Wal-Mart's Code of Conduct Creates a Contractual Obligation Between Wal-Mart and the Employees of its Foreign Suppliers“. *Northwestern Journal of International Law & Business*, árg. 27, 2, vetur 2007, bls. 453-473.

- Lijiang, Z. „The Hukou System of The Peoples Republic of China: A Critical Appraisal under International Standards of Internal Movement and Residence“. *Chinese Journal of International Law*, árg. 2, 2, 2003, bls. 519-565.
- Lu, Y. „Does hukou still matter? The household registration system and it's impact on social stratification and mobility in China“ *Social Sciences in China*, árg. 29, 2, 2008, bls. 56-75.
- Ma, L. og F. Jacobs. „Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China“. *Journal of Adolescent Research*, árg. 26, 6, 2010, bls. 807-838.
- Ngok, K. „The Changes of Chinese Labor Policy and Labor Legislation in the Context of Market Transition“. *International Labor and Working-Class History*, nr. 73, vor 2008, bls. 45-64.
- Pocha, J. S. „One Sun in the Sky: Labor Unions in the People's Republic of China“. *Georgetown Journal of International Affairs*, árg. 8, 1, vetur 2007, bls. 5-11.
- Zavoretti, R. „Family-based care for China's ageing population: A social research perspective“. *Asia Europe Journal*, árg. 4, 2, bls. 211-228

Aðrir miðlar

- „A Brief Introduction of the All-China Federation of Trade Unions (ACFTU)“, ACFTU, 20. september 2007, sótt 30. mars 2011, af <http://english.acftu.org/template/10002/file.jsp?cid=63&aid=156>
- Barboza, D. „China Passes Japan as Second-Largest Economy“, *New York Times*, 15. ágúst 2010, sótt 30. mars 2011, af http://www.nytimes.com/2010/08/16/business/global/16yuan.html?pagewanted=2&_r=1
- „Chinese workers urge Apple to act on n-hexane poisoning“, *Guardian.co.uk*, 22. febrúar 2011, sótt 28. mars 2011, af <http://www.guardian.co.uk/world/2011/feb/22/chinese-workers-apple-nhexane-poisoning?INTCMP=SRCH>
- CIA World Factbook, 4. maí 2011, sótt 12. maí 2011, af <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/geos/ch.html>

- Doe II II III IV VI III VII VIII IX XI IV 8530 CA 90622 v. Wal-Mart Stores Inc, No. 08-55706. United States Court of Appeals for the Ninth Circuit. sótt 8. Apríl 2010, af http://www.luc.edu/law/faculty/globalwork/pdfs/updates/chapter_14_walmart.pdf
- French, H. W. „Despite Flaws, Rights in China Have Expanded“, *New York Times*, 2. ágúst 2008, sótt 10. maí 2011, af <http://www.nytimes.com/2008/08/02/world/asia/02china.html?scp=1&sq=despite%20flaws%20rights%20in%20china&st=Search>
- Goodman, P. S. og P. P. Pan. „Chinese Workers Pay for Wal-Mart’s Low Prices: Retailer Squeezes Its Asian Suppliers to Cut Costs“, *The Washington Post*, 8. febrúar 2004, sótt 10. maí 2011, af <http://www.proquest.com>
- Mitchell, T. „Wal-Mart signs 8% pay deals with unionised Chinese workers“, *Financial Times*, 25. júlí 2008, sótt 22. október 2009, af <http://www.proquest.com>
- Roberts, D. „Waking Up To Their Rights“, *Business Week*, 22. ágúst 2005, sótt 22. október 2009, af http://www.businessweek.com/magazine/content/05_34/b3948515.htm
- Shenzhen Government Online, ártal vantar, sótt 11. maí 2011, af <http://english.sz.gov.cn/gi/>
- „The State of Equity in China: Social Security and Public Expenditure“ *China Human Development Report*, United Nations Development Program, 2005, sótt 14. maí 2011, af <http://www.undp.org.cn/downloads/nhdr2005/08chapter4.pdf>
- „Trade unions in China: Membership required“, *The Economist*, 31. júlí 2008, sótt 30. mars 2011, af http://www.economist.com/node/11848496?story_id=E1_TTRQRQJG
- Walmart Corporate, ártal vantar, sótt 7. September 2011, af <http://walmartstores.com/AboutUs/>
- „Workers Rights and Labour Protest in China“, *Peacework*, árg. 36, 397, sep 2009, bls. 8-9
- Yan, J. og Y. Chen. „Surge of People on move set to hit peak“, *China Daily*, 8. febrúar 2011, sótt 12. maí 2011, af http://www.chinadaily.com.cn/usa/2011-02/08/content_11964079.htm